

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

(Þingskjal 270 – 258. mál)

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, fagnar þeim breytingartillögum við sveitarstjórnarlögin sem fram koma í frumvarpinu, en minnir jafnframt á nauðsyn þess að ganga lengra í lýðræðisátt, sbr. umsögn félagsins um frumvarp til sveitarstjórnarlaga sem send var samgöngunefnd 30. maí 2011 (fylgiskjal).

Alda tekur undir þau sjónarmið, sem fram koma í frumvarpinu og meðfylgjandi greinargerð, að höfuðmáli skiptir að efla og bæta þátttöku almennings í ákvarðanatöku sem varðar stjórn sameiginlegra mála og almannaheill, ekki síst á sveitarstjórnarstigi. Slíkar ákvarðanir má ekki eftirláta fámennum hópi sem ræður ráðum sínum í skjóli fyrir almenningi.

Til að þessi markmið verði meira en orðin tóm þarf að opna almenningi skilvirka farvegi til að eiga hlutdeild í ákvarðanatökunni. Ekki er hægt að ætlast til þess að almenningur sýni sameiginlegum málum lifandi áhuga ef alla tíð er ljóst að stjórnvöldum er í lófa lagið að stinga niðurstöðunni úr samráðs- og þátttökuferlum undir stól.

Af þessum sökum verður ekki við það unað að niðurstöður úr samráðsferlum borgaranna á borð við borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar verði einvörðungu ráðgefandi. Rannsóknir hafa sýnt að vitneskjan um slíkt hefur afar letjandi áhrif á íbúana og afbakar þar með þátttökuferlið í heild sinni. Sé það aftur á móti ljóst allt frá upphafi að niðurstöður þátttökuferlis séu bindandi hefur það hvetjandi áhrif á íbúana, stuðlar að aukinni meðvitund þeirra um sameiginleg mál, eflir skilning þeirra á almannahag og bætir þar með framkvæmd lýðræðisins. Þannig verða einstaklingarnir færari um að gangast við skyldum sínum sem þeir virku þegnar í lýðræðisþjóðfélagi sem þeim er ætlað að vera, til dæmis ef marka má nýlegar námskrár grunn- og framhaldsskóla.

Alda ítrekar í þessu sambandi ábendingu, sem félagið gerði við frumvarp til sveitarstjórnarlaga á sl. ári, þess efnis að bætt verði við ákvæði um að heimilt sé að velja allt að þriðjung sveitarstjórnarmanna með slembivali úr kjörskrá að loknum sveitarstjórnarkosningum. Nýleg dæmi um slembivalsspjng og val á fulltrúum með slembivali, t.d. í Bresku-Kólumbíu, benda til þess að sú leið reynist vel til þess að dýpka lýðræðið. Með þeirri leið veljist einstaklingar sem tilheyra þjóðfélagshópum sem hingað til hafa ekki átt þátt í sameiginlegum ákvarðanatökum nema að litlu leyti; slembivalfulltrúar eru líklegri til að líta á sig sem fulltrúa heildarinnar og sækja umboð sitt beint til allra kjósenda.

Jafnframt telur Alda telur ríka ástæðu til að lögin rúmi heimild fyrir því að fjárhagsáætlun sveitarfélags sé ákvörðuð í lýðræðislegu þátttökuferli borgaranna sambærilegu því sem tíðkað er í Porto Alegre í Brasilíu og víðar. Þar er fjárhagsáætlunin ákvörðuð í opnu ferli

íbúanna sem móta og vinna áætlunina í sameiningu. Settar verði leiðbeinandi reglur af hálfu innanríkisráðuneytisins um það ferli, s.s. um kosningu fulltrúa, um aðgengi að gögnum, sérfræðiaðstoð og annað sem við á.

Athugasemdir við einstakar greinar laganna:

1. gr.

Alda tekur undir þau sjónarmið sem búa að baki þessari grein og koma fram í greinargerð. Augljóst er að fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum eflir lýðræðið og færir valdið nær íbúunum.

2. gr.

Alda fagnar þessari grein en bendir þó á að ekki er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að ályktanir borgarafunda séu afsprengi atkvæðagreiðslna – þær geta fullt eins orðið til við samráð og samræðu sem lýkur með samhljóða ákvörðun (e. *consensus*). Alda minnir á að ákvarðanir sem eru teknar beint af íbúum eru æðri ákvörðunum fulltrúa þeirra. Valdið er almennings nema í þeim tilfellum þar sem almenningur færir fulltrúum þau til umsjónar. Þegar boðað hefur verið til borgarafundar hefur almenningur kallað beint til sín valdið frá fulltrúunum. Borgarafundur getur sjálfur ákveðið með meirihluta atkvæða að niðurstaða hans sé ekki bindandi.

3. gr.

Alda fagnar þessari grein.

4. gr.

Alda tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í þessari grein en minnir jafnframt á mikilvægi borgarafunda og íbúþinga sem vettvangs fyrir samráð og þátttöku.

5. gr.

Alda fagnar þessari grein, enda er hún til þess fallin að (1) koma í veg fyrir að sveitarstjórnir geti dregið úr hömlu að bregðast við kröfum íbúanna um að virkja þátttökufjerli, (2) gera þátttökufjerlin nærtækari og raunhæfari en ella. Ákvæði um að til þurfi 20% þeirra sem eiga kosningarétt í sveitarfélagi til að knýja fram íbúakosningu er ekki til annars fallið en draga máttinn úr slíkum úrræðum. Til að slík úrræði verði raunverulegur og virkur kostur, sem veiti stjórnvöldum aðhald, þarf hlutfallið að vera mun lægra, til dæmis 10%.

Þessu til viðbótar vill Alda ítreka fyrri ábendingu um að X. kafla sveitarstjórnarlaga um samráð við íbúa skuli gerður að II. kafla og heita Íbúalýðræði. Æðsta vald sveitarfélags er í höndum íbúanna og þar af leiðandi eru þau lýðræðislegu ákvarðanatökufjerli sem kveðið er á um í lögnum einnig æðstu ferlin og ættu því að vera tiltekin fremst meðal slíkra ákvæða. Að öðrum kosti mætti fella þau ákvæði inn í nýjan II. kafla um stjórn sveitarfélagsins þar sem ákvæði X. kafla koma á undan ákvæðum núverandi II. kafla.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1537
komudagur 15.3.2012

Fljótsdalshéraði, 15. mars 2012
nr. erindis 201202126 SSB

Á 202. fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 14. mars 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnir.

Eftirfarandi fært til bókar:

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs styður ekki þau frávik frá nýsamþykktum sveitarstjórnarlögum sem koma fram í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum. Bæjarstjóra falið að koma því sjónarmiði á framfæri.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason
skrifstofustjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1614
komudagur 22.3.2012

Fljótsdalshéraði, 22. mars 2012
nr. erindis 201202126 SSB

Á 155. fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 21. mars 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnir.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn tekur undir með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og styður ekki þau frávik frá nýsamþykktum sveitarstjórnarlögum sem koma fram í fyrirleggjandi frumvarpsdrögum. Ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt af alþingi á síðasta ári. Voru þau afrakstur mikillar vinnu þar sem meðal annars var haft víðtækt samráð við Samband sveitarfélaga. Bæjarstjórn telur fráleitt að ætla sér að breyta þeim lögum að frumkvæði eins þingflokks og án samráðs við sveitarfélögin. Bæjarstjóra falið að koma því sjónarmiði á framfæri.

Samþykkt með 8 atkvæðum, en einn sat hjá (RRI)

Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason
skrifstofustjóri



Alþingi
Erindi nr. P 140/1457
komudagur 7.3.2012

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 2. mars 2012
1202518/001.01 BH


Efni: Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög


Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 1. mars sl. var lagt fram erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 23. febrúar, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis), 258. mál. Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Kópavogs telur ekki ástæðu til að veita umsögn um frumvarpið og vísar því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


Páll Magnússon
bæjarritari



Alþingi
Erindi nr. P/140/1630
komudagur 26.3.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. mars 2012

1112018SA GB
Málalykill: 40

Efni: Umsögn um frv. til br. á sveitarstjórnarlögum, 258. mál

Vísað er til tölvubrúfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirfarandi greinum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

11. gr. um fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum.

105. gr. um að ef borgarafundur ályktar að almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um tiltekið málefni sé sú ályktun bindandi fyrir sveitarstjórnir.

106. gr. um að niðurstöður íbúáþinga skuli leggja fyrir borgarafund ef meiri hluti þátttakenda á íbúáþingi óskar þess.

107. gr. um að almenn atkvæðagreiðsla verði æðsta ákvörðunarvald sveitarfélags, niðurstaða atkvæðagreiðslu verði bindandi fyrir sveitarstjórn og bindandi milli kjörtímabila. Niðurstöðu atkvæðagreiðslu verði þannig aðeins hnekkkt með nýrri atkvæðagreiðslu.

108. gr. um tímasetningu borgarafunda og almennra atkvæðagreiðslna og ákvörðunar- og úrskurðarvald á orðalagi spurningar sem borin er upp í almennri atkvæðagreiðslu.

Afstaða til frumvarpsins

Aðeins er liðið hálf ár frá samþykkt nýrra sveitarstjórnarlaga og mjög lítil reynsla er þar af leiðandi komin á framkvæmd laganna. Við gerð frumvarpsins og umfjöllun um það á Alþingi varð töluverð umræða um flest þeirra atriða sem frumvarpið tekur til. Má nefna að frumvarpsdrög fengu mikla umræðu á landsþingi sambandsins haustið 2010 og fjölmargar sveitarstjórnir sendu jafnframt inn skriflegar umsagnir um málið til innanríkisráðuneytisins og síðar Alþingis.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ganga í veigamiklum atriðum í aðrar áttir en fram hefur komið í umsögnum sveitarfélaga og umræðum á vettvangi sambandsins. Sú niðurstaða sem var staðfest við setningu laganna felur í mörgum tilvikum í sér málamiðlun, svo sem um fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum og nýmæli í 108. gr. um frumkvæðisrétt íbúa. Hugmyndir þingmanna Hreyfingarinnar um þá miklu fjölgun kjörinna fulltrúa sem lögð er til í frumvarpinu voru ræddar í starfshópi sem vann að gerð frumvarpsins en þær hlutu ekki hljómgrunn og af hálfu sveitarstjórna kom fram mikil andstaða



við svo róttækar breytingar. Einnig má nefna að aldrei kom til álita við gerð frumvarpsins að niðurstaða atkvæðagreiðslna yrði bindandi lengur en út yfirstandandi kjörtímabil sveitarstjórna.

Að áliti sambandsins er framlagning frumvarpsins ótímabær og leggur sambandið áherslu á að reynsla verður að fást af framkvæmd laganna áður en farið verður að huga að breytingum á þeim.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 15. mars 2012

Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis), 258. mál.

Frá Samfylkingunni

Samfylkingin þakkar fyrir þetta tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Stjórn sveitarstjórnarráðs flokksins var falin umfjöllun um það.

Inntak frumvarpsins snýr annars vegar að fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum og hins vegar að íbúalýðræði. Í ályktun landsfundar Samfylkingarinnar í október 2011 um sveitarstjórnarmál, sem bar yfirskriftina Efling sveitarstjórnarstigsins var fjallað um stöðu sveitarstjórnarstigsins m.a. með eftirfarandi hætti: *Forsenda þess að sveitarfélög geti tekist á við aukin verkefni er frekari sameining sveitarfélaga og nánari samvinna innan landshlutanna. Áfram skal stuðlað að sanngjarnri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og samstarf þessara stjórnarsýslustiga styrkt. Tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir og sjálfsákvörðunarréttur þeirra til að ráða sínum eigin málum virtur. Síðari ályktuninni segir um íbúalýðræði og sveitarfélög: Samfylkingin telur að þróun íbúalýðræðis og aukið samráð sé mikilvæg á vettvangi sveitarstjórna til að auka áhrif íbúa á umhverfi sitt. Vinnubrögð þjóðfundar og stjórnlagaráðs sem og reynsla einstakra sveitarfélaga af auknu samráði við íbúa og íbúakosningum auðvelda vinnu að frekari þróun þess. Þá gefa ný sveitarstjórnarlög ótvíræð tækifæri til að þróa markvisst samráð og íbúalýðræði.*

Samfylkingin mælir ekki með samþykkt þessa frumvarps, heldur vísar til nýrra sveitarstjórnarlaga einkum varðandi virkt samráð og íbúalýðræði og telur ekki að nauðsynlegt sé að fjölga fulltrúum í sveitarstjórnnum með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Leggja beri áherslu á sameiningu sveitarfélaga og nána samvinnu landshluta.

Með kveðju

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi
formaður sveitarstjórnarráðs



Selfossi, 15. mars 2012

1202001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1533
komudagur 15.3.2012

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög, 258. mál.

Á fundi stjórnar Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga, sem haldinn var 9. mars sl. var eftirfarandi umsögnu samþykktu um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis), 258. mál:

„Stjórn SASS leggst gegn samþykkt frumvarpsins vegna mikils kostnaðar sem fylgir samþykkt þess. Stjórnin bendir á að aðrar leiðir eru fyrir hendi í nógildandi sveitarstjórnarlögum sem tryggja áhrif íbúa á stjórn sveitarfélaganna, s.s. með íbúa- og hverfisráðum, borgarafundum, íbúakosningum og skoðanakönnunum.“

Umsögninni er hér með komið

Virðingarfyllt,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

From: Rósa Sif Jónsdóttir [rosa@arborg.is]
Sent: 1. mars 2012 15:38
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Afgreiðsla bæjarráðs Árborgar - 258. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 1. mars var tekin fyrir beiðni um umsögn – frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög, fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og eflingu íbúalýðræðis - 258. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Eftirfarandi var bókað:

Bókun vegna beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnarlög.

Eitt af helstu verkefnum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum er að gæta aðhalds í rekstri og leita eftir öllum hugsanlegum sparnaðarleiðum, og á það ekki síst við um yfirstjórn sveitarfélagsins. Verði sú tillaga sem hér er til umfjöllunar að lögum myndi það auka kostnað vegna bæjarstjórnar um meira en 100%. Þegar hafa verið sett á fót hverfisráð í 4 byggðarkjörnum sveitarfélagsins sem auka aðkomu íbúanna að stjórnkerfinu. Reynslan af vinnu hverfisráðanna hefur verið góð og þegar verið unnið úr ábendingum sem komið hafa frá hverfisráðunum. Bæjarráð telur að íbúalýðræði sé vel virkt í sveitarfélaginu, má nefna sem dæmi að reglulega eru haldnir opnir íbúafundir um hin margvíslegu mál eins og atvinnumál, skipulagsmál og fræðslumál auk þess að ábendingarhnappar eru virkjaðir á heimasíðu sveitarfélagsins.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari
rosa@arborg.is
sími 480 1900 fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.